



EBM2A01 Efnisfræði bílamálara

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Sigurjón Geirsson Arnarson

Netfang/netföng:

Sigurjon.arnarson@borgo.is

Lýsing:

Farið er yfir málningarefni, meðhöndlun og blöndun efna miðað við mismunandi gerðir undirlags og áferðar flatar sem meðhöndla skal. Fjallað er um aðferðir við að meta hvernig og með hvaða efnum og áhöldum heppilegast er að framkvæma tiltekið verk og fara eftir fyrirmælum framleiðenda ökutækja. Áhersla er lögð á að sérhver nemandi gæti heilsu sinnar og annarra miðað við gildandi öryggisreglur og pictogram og fari í hvívetna eftir fyrirmælum framleiðenda um notkun efna og tækja. Farið er yfir öryggisbúnað s.s. ferskloftshjálma, kolagrímur, galla og hanska og meta kosti og gæði þeirra. Upprifjun á meðhöndlun spilliefna, frágang og förgun þeirra spilliefna sem verða eftir við málun bifreiða. Einnig er farið yfir þær hættur, til dæmis veikindi og sjúkdóma, sem geta skapast þegar efnin eru notuð á rangan hátt, án persónuvarna.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekking

- Uppbyggingu málningarlaga.
- Innihaldi mismunandi málningarvara.
- Persónuvörnum í umgengni við málningarvörur.
- Skilning á leiðbeiningum bílaframleiðenda.
- TDS og SDS lakkframleiðenda.
- Þeim stofnunum sem hafa eftirlit með að skilyrðum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum sé framfylgt

Leikni

- Blanda saman mismunandi efnum eftir leiðbeiningum framleiðanda (OEM).
- Velja réttan búnað og efni til notkunar eftir leiðbeiningum framleiðanda (OEM).
- Lýsa gerð málningarefna, samsetningu þeirra og notkunarviði.
- Umgangast mismunandi efni í samræmi við persónuvarnir og umhverfi.
- Velja og fara með viðeigandi persónuvarnir.
- Farga spilliefnum á réttan og öruggan hátt.

Hæfni

- Gera grein fyrir leiðbeiningum og varúðarmerkingum (Pictogram).
- Gera vinnulýsingu um algeng verkefni í málun.
- Greina undirlög, velja rétt efni og meðhöndla þau í samræmi við opinberar öryggisreglur og leiðbeiningar efnisframleiðenda hverju sinni.
- Geta meðhöndlað, geymt og fargað spilliefnum samkvæmt fyrirmælum framleiðenda og stofnana.

Námsmat:**Vægi: Verklegt mat: 10%:**

Hér er metið hversu vel nemandi innir öll sín verk af hendi. Nemandinn nefnir, lýsir og greinir frá notkun og beitingu og hirðu tækja og búnaðar á verkstæðum fyrir ökutæki. Hann sýnir að hann hafi vald á undirstöðuverkþáttum.

Skriflegt mat: 80%:

Nemandi skilar inn skýrslum, verkefnum ásamt þekkingarmati um almenna og fræðilega þætti áfangans.

Þátttaka og Virkni 10%:

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi og hversu vel nemandi fylgir fyrirætlunum kennara

Námshöggn:

Hefi samantekt frá kennara, upplýsingar frá tækja og efnis framleiðendum og internetið.

Vinnusvæði málara, sprautuklefi, blöndunarherbergi og skólastofa.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur verða að skila inn öllum námsþáttum til að eiga möguleika á að standast áfangann. Ekki er hægt að skila inn verkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

Nemendur verða að fá að lágmarki 4,5 í öllum verkefnum til að standast áfangann

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi hlífðarfatnað og búnað ef við á.

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrifa og ganga frá verkfærum þar sem þau eiga að vera.

Í lok kennslustundar þrifa nemendur vinnusvæði.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
	1	Kynning á áfanganum farið yfir efnisfræði grunnþætti og pictogram.	
	2	TDS og SDS, blöndunarforrit skoðað. Verkefni hugtök í bílamálun	Verkefni
	3	Kynnin á Einstaklingsverkefni, powerpoint kynning.	Verkefni
	4	Gallar	Verkefni
	5	Kynnin á powerpoint verkefni og útkomu.	Verkefni